



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lausn á veikindaförföllum í leik- og grunnskólum í kórónuveirufaraldri

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 8. desember 2020, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er upplýsinga um hvernig veikindaförföll hafa verið leyst í leik- og grunnskólum í kórónuveirufaraldrinum.

Svar:

Veikindaförföll í leikskólum í Covid-faraldrinum voru leyst með tilliti til nokkurra þátta, þ.e. fjöldatakmarkana eða hólfaskiptingar, fjölda barna í húsi og aðstæðum hverju sinni. Þegar ekki mátti færa starfsfólk milli sóttvarnarhólfa var horft til fjölda barna í viðkomandi einingu. Ef ljóst var að ekki væri hægt að tryggja öryggi barnanna með þeim starfsmannafjölda sem tilheyrði viðkomandi sóttvarnarhólfi var gripið til faliðunarferils.

Ef reglugerð leyfði blöndun milli deilda þá var starfsfólk fært á milli til að tryggja áframhaldandi starfsemi. Mikilvægt er að það komi fram að stjórnendur/stjórnendateymi leikskóla hafa einnig í slíkum tilvikum gengið í störf starfsmanna sem voru veikir.

Stjórnendur leikskóla gátu í einhverjum tilvikum kallað inn tímavinnustarfsmenn til að leysa veikindi en í faraldrinum var það erfiðleikum háð þar sem reglugerðir voru á einhverjum tímamörkum mjög strangar og starfsfólk sem vann t.a.m. einnig á öðrum vettvangi eins og hjúkrunarheimilum gátu ekki farið á milli starfsstaða.